

1867.

19. október.

3. fyrir lakara meðalbrauði, gjalda

til fútækra prestsekkna. 1 rd. 6 sk.

en að sá, sem hefir fengið veitingu fyrir fátæku brauði, ekki skuli greiða neitt slíkt gjald.

22. október.

54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skoðun fjárins í Hafnahrepp í Gullbringusýslu.

Nú er stjórnarráðið hefir fengið álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 10. júlímán. þ. á. um bænarskrá, er hingað hafði borizt beina leið, frá Vilhjálmí sjálfseignarbónda Hákonarsyni í Kirkjuvogi í Hafnahrepp í Gullbringusýslu, þar sem hann lætur í ljósi óánægju sína yfir ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið um skoðun fjárins í tæðum hrepp, og fer þess á leit, að bændunum þar sé leyft að hafa sjálfir umsjón þá, sem með þarf, með heilbrigðisístandi fjár síns o. fl., skal yður kunngjört sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að þó að stjórnarráðið kunni að meta réttilega framtakssemi Vilhjálmssjálfseignarbónda í fjárkláðamálinu, þá verði samt, eins og búast má við að hann sjái sjálfur, hvorki hann né hinir aðrir Hafnahrepps búar undanþegnir ráðstöfunum þeim, sem yfirvöldin gjöra, samkvæmt tilskipun 5. janúarm. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

28. október.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Snorra Jónssonar, lærisveins á dýralæknaskólanum, um styrk til að halda námi sínu áfram.

Eftir að fengin hefir verið skýrsla frá forstöðumanninum fyrir dýralækninga- og búnaðarháskólanum útaf bænarskrá, er hingað hafði borizt, frá Gísla Brynjúlfssyni, stip. arnamagn., þar sem hann sækir um, að dómsmálastjórnin veiti yður styrk